



Fagráð Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 17. desember 2024

MSS24090132

## Stýrihópur um stefnumótun fjölmeningarborgarinnar Reykjavík

Á fundi borgarráðs þann 26. september 2024, var samþykkt meðfylgjandi erindisbréf stýrihóps um stefnumótun fjölmeningarborgarinnar Reykjavík, sbr. 8. lið fundargerðar borgarráðs. Hlutverk stýrihópsins er að endurskoða málaflokkinn í heild sinni og móta heildstæða stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík.

Niðurstöður stýrihópsins verða lagðar fyrir borgarráð fyrir lok maí 2025.

Í stýrihópnum sitja eftirfarandi fulltrúar:

Sabine Leskopf formaður og leiðir vinnu hópsins  
Magnea Gná Jóhannsdóttir formaður fjölmeningarráðs  
Magnús Davíð Norðdahl  
Friðjón R. Friðjónsson  
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Óskað er því eftir að fulltrúar stýrihópsins fái tækifæri til að koma á fundi fagráða í byrjun nýs árs og kynni helstu verkefni og markmið stýrihópsins. En jafnframt að eiga samtal og samráð um þá vinnu stýrihópsins sem framundan er.

Virðingarfyllst,  
Aleksandra Kozimala  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
*Miðlæg stjórnsýsla*

Samrit:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð  
Menningar-, þróttá og tómstundaráð  
Skóla- og frístundaráð  
Stafrænt ráð  
Umhverfis- og skipulagsráð  
Velferðarráð

Hjálagt:

Bréf borgarstjóra



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 23. september 2024  
MSS24090132

### **Stýrihópur um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík. Einnig er lagt til að borgarráð tilnefni fimm fulltrúa í hópinn.

#### *Greinargerð:*

Á fundi borgarráðs þann 22. september 2016 var ákveðið að Reykjavíkurborg skyldi móta heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Með stefnunni skyldi m.a. unnið að markmiðum verkefnisins Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities), en Reykjavíkurborg er aðili að verkefninu. Í kjölfarið var stýrihóp falið að marka heildstæða stefnu og aðgerðaáætlun í þjónustu við innflytjendur, flóttafólk og umsækjenda um alþjóðlega vernd innan borgarinnar. Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd var samþykkt þann 10. apríl 2018 í borgarstjórn. Stefnan gildi árin 2018 - 2022.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík.



**Reykjavík**



Reykjavík, 24. september 2024

MSS24090132

## ERINDISBRÉF

### Stýrihópur um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík

#### Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

#### Hlutverk:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta heildstæða stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík með fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar<sup>1</sup> að leiðarljósi. Áhersla verði lögð á inngildinguna (e. inclusive integration), jafnrétti og virka þátttöku fyrir öll í borgarsamfélaginu. Markmið stýrihópsins er tryggja að fjölmeningarleg gildi endurspeglast í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar og að framlagi innflytjenda verði gert hærra undir höfði.

Stýrihópurinn á að endurskoða nálgun á málaflokkinn í heild sinni og skapa skýra framtíðarsýn á fjölmeningarborgina Reykjavík.

Í samræmi við fjölmeningaryfirlýsingu sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. september 2019 þarf stefnumótun og eignarhald á aðgerðum fyrst og fremst að vera á vegum sviðanna. Hlutverk stýrihópsins er að tryggja skýran ramma fyrir þá vinnu og að sviðin fái þann stuðning sem þau þurfa. Sérstök áhersla verður lögð á mannauð borgarinnar þannig að starfsfólk endurspegli fjölbreytni samfélagsins og sé í stakk búið til að þjónusta öll.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að greina stöðu innflytjenda í borginni með því að rýna þau gögn sem til eru um málaflokkinn m.a. með skoðun á gildandi stefnumótun og aðgerðaráætlunum.
- Að eiga samráð við hagaðila utan og innan Reykjavíkurborgar.
- Að vinna drög að heildstæðri stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík og aðgerðaráætlun með inngildingunni og fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Í vinnunni sé tekið mið að eftirfarandi þáttum: Reykjavíkurborg sem stjórnvald; sem atvinnurekandi; sem þjónustuveitandi; sem samstarfaðili og verkkaupi.

Stefnan taki mið af mannréttindastefnu borgarinnar og áherslum í verkefninu Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities), sem Reykjavíkurborg er aðili að.

#### Starfshópur/stýrihópurinn skipa:

Sabine Leskopf, formaður

Magnea Gná Jóhannsdóttir

<sup>1</sup> Fjölmeningaryfirlýsing Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 17. september 2019.



Reykjavík



Magnús Davíð Norðdahl  
[Fulltrúi borgarstjórnar]  
[Fulltrúi borgarstjórnar]

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Aleksandra Kozimla, starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Við vinnu við gerð stefnunnar skal haft náið samráð við fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar.

Auk þess skal haft samráð við hagsmunafélög innflytjenda, svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar. Að auki leiti starfshópurinn ráðgjafar utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

**Starfstímabil og skil:**

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráði fyrir lok maí 2025.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri